

„Vér syngjum lof hinu dýrðlega áráði hinna djörfu. Ofdirfska hinna djörfu er speki og vísdómur lífsins. Ó, hugrakki valur, í bardaga við óvin þinn hefir þér blætt til ólífis. En sá tíni kemur að hver blóðdropi þinn eins og eldneisti kveikir bál í húmi og hráslaga lífsins, bál, sem mun verma margt hugdjarft hjarta og vekja óstjórnlega löngun eftir frelsi og sönnu lífi.—Vér syngjum lof hinu dýrðlega áráði hinna djörfu“.

Þögn ríkir yfir hinu bláleita yfirborði hafsins í fjarlægðinni. Það er hljóðferasláttur í hinum samróma gjálpanda báranna í fjörunni. Eg ligg þegjandi, starandi út yfir auðn hafsins, sem hér og þar er skreytt kvikandi silfurlitum tunglsskins flekkjum.

Það sýður í pottinum. Ein aldan laðist eins og í glettni upp undir þar sem Raghima liggur.

„Hvert ætlarðu? Farðu til baka“, segir hann, og gerir um leið næstum skipandi bendingu, og aldan fellur aftur til sævar.

Þetta einkennilega háttalag Raghima að ávarpa ölduna eins og hún skildi hann, virðist mér á þessu augnabliki hvorki óeðlilegt né heimskulegt. Mér virðist alt í kringum okkur svo kynlega lifandi, svo þýtt og laðandi. Hafid breiðist út fyrir framan okkur í sinni voldugu kyrð og við vitum að í þess salta andardrætti, er hann leikur um hin kyrru fjöll, býr ógurlegt dulið afl. Letraður á hina dökkbláa himin í gullnum stjörnu-rósum er alvarlegur og hátíðlegur friðarboðskapur, er sefar sálu manns og gerir huganum aðvart um komandi unað.

Þrátt fyrir svefnhöfgahjúp sinn er náttúran alt í kringum okkur vakandi, og sú tilfinning liggur í loftinu, að hin straumlausu fljótandi kyrð endurvakni þá minst varir í samræmi ósegjanlega fagurra tóna.

Máske að þeir þýði huliðs mál og gátur lífsins, þýði þær fyrir huga vorum, sem þeir þá slökkva eins og blaktandi ljós. En sálina flytja þeir í hinum bláleita ljósvaka, þar sem hið glitrandi stjörnuletur fagnar henni með algjörðu samræmi fullkomins skilnings.

Þýtt af *Kristjáni Stefánssyni*.